

## TILLAGA AÐ AFSTÖÐU MIÐSTÖÐVARINNAR TIL NÁMSKERFA ÁN AÐGREININGAR

Þessi grein setur fram afstöðu Evrópumíðstöðvarinnar um nám án aðgreiningar og sérþarfir til markmiða allra aðildarlanda miðstöðvarinnar til að þróa kerfi sem sinna betur námi án aðgreiningar. Greinin setur þó sérstaklega fram þá mikilvægu þætti námskerfa án aðgreiningar sem verða notaðir til að stýra þróun og stefnu aðgerða miðstöðvarinnar á næstu misserum og lengri tíma lítið.

Markmið greinarinnar er að leiðbeina áframhaldandi og seinni tíma hugsun og umræðum um starf miðstöðvarinnar og hvernig hún getur stutt lönd í viðleitni þeirra til að þróa kerfi sem sinna betur námi án aðgreiningar. Greinin setur sem slík fram þá yfirsýn og þann miðpunkt sem starf miðstöðvarinnar mun miðast við.

Sú afstaða sem er sett fram í greininni er fyllilega í samræmi við yfirlýst forgangsverkefni Evrópusambandsins og alþjóðlegra stofnana varðandi menntun.

Bakgrunnsupplýsingar sem setja mikilvæga þætti námskerfa án aðgreiningar, sem bent er á í greininni, í breiðara samhengi evrópskra og alþjóðlegra stefna og starfshátta, er að finna á vefsvæði miðstöðvarinnar:

[www.european-agency.org/about-us/who-we-are/position-on-inclusive-education-systems](http://www.european-agency.org/about-us/who-we-are/position-on-inclusive-education-systems)

### Námskerfi án aðgreiningar

Öll Evrópulönd hafa skuldbundið sig til að vinna að því að tryggja kerfi sem sinna betur námi án aðgreiningar. Það gera þau á ólíka vegu, eftir sögulegu og núverandi samhengi þeirra. Lítið er á námskerfi án aðgreiningar sem nauðsynlegan þátt í breiðari markmiðum samfélaga sem eru án félagslegrar aðgreiningar og öll lönd miða sig við, bæði siðferðislega og stjórnmálalega.

Endanleg markmið námskerfa án aðgreiningar er að tryggja að öllum nemendum, óháð aldri, sé veitt þýðingarmikil, hágæða námstækifæri í sínu næsta nágrenni, meðal vina sinna og jafnaldra.


Til að gera þetta markmið að veruleika verður *löggjöfn* sem stýrir námskerfum án aðgreiningar að vera studd af grundvallarskuldbindingu til að tryggja rétt allra nemenda til réttlátra tækifæra til náms án aðgreiningar.

*Stefnan* sem ákvarðar námskerfi án aðgreiningar verður að veita skýra sýn og hugmyndavinnu fyrir nám án aðgreiningar sem leið til að bæta námstækifæri fyrir alla nemendur. Stefnan verður einnig að undirstrika að skilvirk innleiðing á námskerfum án aðgreiningar er sameiginleg ábyrgð allra kennara, stjórnenda og þeirra sem taka ákvarðanir.

Vinnureglurnar sem stýra innleiðingu á kerfum og ferlum innan námskerfa án aðgreiningar verða að vera jafnræði, markvirkni, skilvirkni og aukning árangurs fyrir alla hagsmunaaðila – nemendur, foreldra þeirra og fjölskyldur, kennslusérfræðinga, samfélagsfulltrúa og þeirra sem taka-ákvörðanir – með hágæða, aðgengilegum námstækifærum.

Með þessa sýn í huga mun miðstöðin í starfi sínu með aðildarlöndum kappkosta að veita leiðsögn við þróun námskerfa án aðgreiningar, sem stefna að því að:

- Auka árangur nemenda með því að taka tillit til og byggja á sérgáfum þeirra og mæta einstaklingsbundnum námsþörfum og áhugamálum á skilvirkan hátt. Skilningur miðstöðvarinnar á auknum árangri fyrir nemendur nær yfir allar gerðir einstaklingsbundinna, félagslegra og akademískra afreka sem eiga við fyrir stakan nemanda til skemmri tíma, en auka tækifæri þeirra í lífinu til lengri tíma litið.
- Tryggja að allir hagsmunaaðilar meti fjölbreytileika mikils. Hrinda skal þessari stefnu í framkvæmd með því að virkja hagsmunaaðila í samræðu og veita stuðning til að auðvelda þeim að gefa stök og uppsöfnuð framlög til að auka aðgang að menntun og bæta jafnræði til að auðvelda öllum nemendum að fullþroska hæfileika sína.
- Tryggja framboð sveigjanlegs framhalds á ráðstöfunum og úrræðum sem styðja nám allra hagsmunaaðila, bæði á einstaklings- og skipulagsstigi.

- 
- Tryggja að skilvirkt framhald á stuðningi í námskerfum án aðgreiningar nái yfir einstaklingsmiðaðar aðferðir til náms, sem tengja alla nemendur og styðja virka þátttöku þeirra í námsferlinu. Það felur í sér þróun á einstaklingsmiðuðum námsskrám og matsrömmum, sveigjanlega þjálfun og samfelldra tækifæra til faglegrar þróunar fyrir alla kennara, skólustjórnendur og þá sem taka-ákvörðanir; og samhangandi ferli stjórnarhátta á öllum stigum kerfisins.
  - Auka árangur, útkomu og niðurstöður kerfisins í heild sinni, með því að auðvelda öllum hagsmunaaðilum á skilvirkan hátt að þróa viðhorf sín og skoðanir, þekkingu, skilning, færni og hegðun í samræmi við markmið og reglur námskerfis án aðgreiningar.
  - Virka sem námskerfi sem vinna að áframhaldandi endurbótum og uppröðun kerfa og ferla með því að byggja upp hæfileika allra hagsmunaaðila til að hugleiða árangur sinn kerfisbundið og nota síðan þessar hugleiðingar til að bæta og þróa samanlagt starf þeirra að sameiginlegum markmiðum þeirra.